



## Starfsreglur vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps

Markmið vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps er að bjóða upp á:

- hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir ungmenni í sveitarfélaginu
- fjölbreytt verkefni
- kennslu í faglegum vinnubrögðum
- fræðslu um notkun og meðferð algengra verkfæra og um náttúru og umhverfi
- reynslu og þekkingu sem að gagni kemur á sviði verklegra framkvæmda.

Með umsókn um starf í vinnuskólanum skrifar ungmenni undir að fara eftir reglum sem þar gilda í hvívetna, jafnframt er litið svo á að viðkomandi sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans. Allir starfsmenn vinnuskólans í Grímsnes- og Grafningshrepp skulu stunda sína vinnu af stundvísi. Ungmenni eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema til komi veikindi eða leyfi. Geðþóttamæting er ekki liðin. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til umsjónarmanns vinnuskólans um veikindi eða leyfi, með því að hringja. Smáskilaboð (SMS) eru ekki tekin gild. Ekki er gert ráð fyrir sumarleyfi í Vinnuskólanum. Dónaskapur starfsmanns eða ungmennis gegn öðrum verður ekki liðin.

- Ungmönnum í vinnuskólanum ber að vinna þau verkefni sem þeim eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að þau haldi sig að verki.

- Ungmennin skulu jafnframt að sýna öllum samstarfsmönnum sínum og yfirmönnum vinnuskólans, svo og öllum íbúum sveitarfélagsins fyllstu kurteisi þegar þau eru við vinnu.

- Símar skulu vera stilltir á hljóðlaust og ekki notaðar sem samskiptatæki á vinnutíma vinnuskólans. Engin ábyrgð er tekin á slíkum tækjum á vinnutíma.

- Vinnuskólinn er tóbaks-, rafrettu- og vímuefnalaus vinnustaður.

- Ungmenni bera ábyrgð á eigin eigum í vinnutíma. Engin ábyrgð er tekin á persónulegum hlutum sem komið er með til vinnu og eru ekki nauðsynlegir til starfsins.

- Ungmenni bera virðingu fyrir starfinu og fara vel með verkfæri.

- Ungmenni skulu mæta til vinnu klædd eftir veðri og með nesti við hæfi.

- Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.

- Ungmenni leggja sér sjálf til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Öllum er ráðlagt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél. Ekki er heimilt að fara heim á vinnutíma til að sækja föt/nesti.

- Verði misbrestur á að ungmenni fylgi reglum Vinnuskólans er viðkomandi áminnt/ur. Verði áfram misbrestur á hegðun er samband haft við foreldra og er skólanum heimilt að vísa ungmenni úr starfi, tímabundið eða varanlega eftir eðli brots.

Allir tilburðir til eineltis verða stöðvaðir í fæðingu, berum virðingu fyrir hvort öðru og verum góð við hvort annað, um leið og við skulum hafa gaman af vinnunni og njóta þess að vera saman.